



## Fundargerð fræðslunefndar

Mánudaginn 14. apríl 2014, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Baldur Magnússon, Elín Rafnsdóttir, Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri Hildur Ingólfssdóttir, Erna Hreinsdóttir og Inga Rós Sævarsdóttir

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Ráðningar - starfsmannahald

Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu starfsmannahalds við grunnskólann á næsta skólaári. Eins og fram hafi komið verði skólastjóri í námsleyfi næsta skólaár og staða aðstoðarskólastjóra hafi verið leyst til bráðabirgða þetta skólaár. Því hafi bæði staða skólastjóra og aðstoðarskólastjóra verið auglýstar. Gert er ráð fyrir að tveir kennarar láti af störfum og ekki hafi allir kennarar veitt ákveðin svör við því hvort þeir starfi áfram og því hafi kennarastöður verið auglýstar.

Sveitarstjóri upplýsti að umsóknarfrestur um skólastjórastöðu hafi verið auglýstur til 15 apríl og nú hafi borist tvær umsóknir um stöðuna.

### 2. Skóladagatal 2014-15

Fyrir fundinum lágu tvær tillögur að skóladagatali. Annarsvegar þar sem miðað er við 180 daga og hins vegar 175 daga. Skólastjóri gerði grein fyrir mismunandi útfærslum á þessum tveimur skóladagatölum. Í könnun meðal foreldra kom fram að meiri áhugi er fyrir 175 daga. Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við KÍ skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Samkvæmt úrskurði menntamálaráðuneytis er heimilt að fækka skóladögum niður í 170 með lengingu skóladags.

Fræðslunefnd samþykkti 175 skóladaga á skólárinu 2014-2015.



### 3. Kennslukvóti

Skólastjóri lagði fram tillögu að kennslukvóta næsta skólaár. Tillagan er að heildarkennslustundafjöldi verði 340 en heimild er fyrir 330 kest. á yfirstandandi skólaári. Inni í kennslustundafjöldanum er reiknað með 45 sérkennslustundum. Skólastjóri skýrði forsendur fyrir tillögu sinni og lagði fram samantekt um nemendafjölda og nýtingu kennslustunda. Fræðslunefnd mælir með að tillögu skólastjóra um 340 kest. en leggur jafnframt áherslu á að leitað verði leiða til að nýttar kennslustundir verði færri.

### 4. Hjallastefna

Umræður urðu um Hjallastefnuna og hver sé staða á samskiptum sveitarfélagsins og Hjallastefnunnar á að koma að skólastarfi á Skagaströnd. Fyrir fundinum lá viljayfirlýsing um samstarf Hjallastefnu og sveitarfélagsins Skagastrandar dags. 31. mars 2014.

Í viljayfirlýsingunni kemur fram að stefnt skuli að því Hjallastefna taki við rekstri leikskóla frá miðju ári 2014. Í apríl verði undirritaður samingur um leikskólann og þar með hefji Hjallastefnan aðlögun að breytingu í fagstarfi leikskólans.

Stefnt skuli að því að Hjallastefnan taki við mannaforráðum í leikskólanum 1. júní 2014. Fyrir þann tíma hafi fulltrúar Hjallastefnu farið yfir mönnun og starfsmannahald sem leiði af sér endurráðningu starfsmanna á ekki lakari kjörum en viðkomandi hefur haft í sambærilegu starfi ef samkomulag næst um vinnutíma, starfshlutfall og sátt um starf á forsendum Hjallastefnunnar.

Sveitarfélagið Skagaströnd muni gefa út nýtt starfsleyfi til Hjallastefnu 1. ágúst 2014 fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

Aðilar eru sammála um að hefja samstarf um þróun grunnskólans í átt að Hjallastefnu og að skoðað verði með starfsfólki og foreldrum á skólaárinu 2014-2015 hvort grundvöllur er til að hefja formlegt samstarf eða gera samning um rekstur grunnskólans. Fræðslunefnd ræddi stöðu málsins og viðhorf til Hjallastefnunnar almennt og hver sé staðan gagnvart grunn- og leikskóla.

### 5. Ytra mat

Skólastjóri greindi frá helstu niðurstöðum ytra mats sem gert hefur verið á grunnskólastarfinu og er nú til afgreiðslu í menntamálaráðuneytinu. Ytra matið var unnið af starfsmönnum Násmatsstofnunar sem komu á staðinn og fylgdust með starfi í skólanum, gerðu kannanir og ræddu við starfsmenn og fulltrúa foreldra. Með vísan í þá kynningu sem fram fór á



niðurstöðum ytra mats af hálfu þeirra sem framkvæmdu matið, kemur skólinn vel út í mörgum greinum og fékk góðar vísbendingar um úrbótáætlanir.

## 6. Önnur mál

Skólastjóri greindi frá því gerð hafi verið athugun á kostnaði við að taka upp Skólavogina í samstarfi við aðra skóla í A-Hún. Í ljós hafi komið að skólarnir geti fengið sameiginlegan aðgang að Skólavoginni eins og um ein stóran skóla væri að ræða og miðað við að umsýsla með kerfinu verði á hendi fræðsluskrifstofunnar. Fræðslunefnd mælti með að Skólavogin verði tekin til notkunar í samstarfi skólanna og fræðsluskrifstofu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.55

Birna Sveinsdóttir,

Aðalheiður Árnadóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Baldur Magnússon,

Elín Rafnsdóttir,

Hildur Ingólfsdóttir,

Erna Hreinsdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson,